


## GILDANDI AÐALSKIPULAG

Staðfest af umhverfisráðherra 18.03.2010




## BREYTT AÐALSKIPULAG



AÐALSKIPULAG ÍSAFJARÐAR 2008-2020

**Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020**
**Breyting á aðalskipulagi.**

Desember 2020

**Inngangur**

Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við 1.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr.123/2010

Tillagan felur í sér breytingu á svæði fyrir íbúabyggð í gildandi aðalskipulagi og minni háttar breytingu á greinargerð skipulagsins. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 04.02.2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31.03.2010

**Breytingar á skipulagsuppdrætti**

Breytingin felst á því að stækka íbúðasvæði, Í6 (Holtahverfi) í vesturátt og ein ný lóð bætt við, Sunnuholt 5 sem stuðlar að þéttingu byggðar en landbúnaðarsvæðið í landi Góustaða minnkar sem því nemur. í gildandi aðalskipulagi er um helmingur fyrirhugaðrar lóðar á skilgreindu íbúðabyggðarsvæði en helmingur á landbúnaðarsvæði. Markmið breytingarinnar er að þétta byggð í Holtahverfi.

Í aðalskipulaginu er fjallað um þéttingu Holtahverfis í Árholti, utan snjóflóðahættusvæðis án þess að það skerði landbúnaðarnotkun á Góustöðum. Umrædd lóð í Sunnuholti er utan snjóflóðahættusvæðis og skerðir að mati eigenda Góustaða ekki landbúnaðarnotkun þeirra.

**Breytingar á greinargerð**

Í greinargerð Í6 fyrir Holtahverfi, Ísafirði felst breytingin í því að bæta við „og Sunnuholti" í greinargerðina. Textinn verði þannig eftir breytingu: „Þétting byggðar í Árholti og Sunnuholti sem er utan snjóflóðahættusvæða. Gæta skal þess að uppbygging skerði ekki landbúnaðarnotkun á Góustöðum. Útlit húsa skal falla vel að þeim húsum sem fyrir eru. Í Árholti eru gömul hús sem mikilvægt er að fái að njóta sín".

**Áhrif**

Áhrif breytingarinnar eru óveruleg og afmörkuð svæði. Breytingin er ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila, lóðin er í íbúðabyggð og í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að byggð sé þétt á íbúðabyggðarsvæðinu. Lögð er áhersla á að húsið á lóðinni verði hannað þannig að það hafi sem minnst áhrif á nágranna.

*Tafla 7.9. Íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ. Framhald.*

| Svæði | Ákvæði |
| --- | --- |
| Í5 - **Eyrin, Ísafirði** / 8,2 ha. Allt að 40 nýjar íbúðir. Elsti hverfiskjarni Ísafjarðar, frá Skipagötu / hafnarsvæði að Sólgötu / Kirkjugarði. Gömlu húsin mynda mjög sérstaka ásýnd þéttrar byggðar. Sjávarflóð ógna mannvirkjum. Sjá einnig kafla 9.2.2 um kirkjur og kirkjugarða. | Endurheimta fyrri hús og þétta byggð. Allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa innan hverfisverndarsvæðis H8 miðist við hverfisverndarákvæði, sbr. kafla 7.4.4. Slökkvistöðin í Fjarðarstræti flytur inn í Fjörð og svæðið verður skilgreint sem íbúðarsvæði. Verja þarf mannvirki fyrir sjávarflóðum. |
| Í6 - **Holtahverfi, Ísafirði** /14,5 ha. Allt að 4 nýjar íbúðir í Árholti. Hverfi byggt í kringum 1980 með einbýlishúsum, raðhúsum og fjölbýlishúsum. Hluti svæðisins er á snjóflóðahættusvæði A, B og C. | Þétting byggðar í Árholti sem er utan snjóflóðahættusvæða. Gæta skal þess að uppbygging skerði ekki landbúnaðarnotkun á Góustöðum. Útlit húsa skal falla vel að þeim húsum sem fyrir eru. Í Árholti eru gömul hús sem mikilvægt er að fái að njóta sín. |

Tafla 7.9 í greinargerð aðalskipulags

*Tafla 7.9. Íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ. Framhald.*

| Svæði | Ákvæði |
| --- | --- |
| Í5 - **Eyrin, Ísafirði** / 8,2 ha. Allt að 40 nýjar íbúðir. Elsti hverfiskjarni Ísafjarðar, frá Skipagötu / hafnarsvæði að Sólgötu / Kirkjugarði. Gömlu húsin mynda mjög sérstaka ásýnd þéttrar byggðar. Sjávarflóð ógna mannvirkjum. Sjá einnig kafla 9.2.2 um kirkjur og kirkjugarða. | Endurheimta fyrri hús og þétta byggð. Allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa innan hverfisverndarsvæðis H8 miðist við hverfisverndarákvæði, sbr. kafla 7.4.4. Slökkvistöðin í Fjarðarstræti flytur inn í Fjörð og svæðið verður skilgreint sem íbúðarsvæði. Verja þarf mannvirki fyrir sjávarflóðum. |
| Í6 - **Holtahverfi, Ísafirði** /14,5 ha. Allt að 4 nýjar íbúðir í Árholti. Hverfi byggt í kringum 1980 með einbýlishúsum, raðhúsum og fjölbýlishúsum. Hluti svæðisins er á snjóflóðahættusvæði A, B og C. | Þétting byggðar í Árholti *og Sunnuholti* sem er utan snjóflóðahættusvæða. Gæta skal þess að uppbygging skerði ekki landbúnaðarnotkun á Góustöðum. Útlit húsa skal falla vel að þeim húsum sem fyrir eru. Í Árholti eru gömul hús sem mikilvægt er að fái að njóta sín. |

Tafla 7.9 í greinargerð aðalskipulags með breytingu.

## SKÝRINGAR

- Svæði fyrir íbúðabyggð
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Miðsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Sorpförgunarsvæði
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Vötn, ár og sjór
- Blönduð landnotkun
- Hverfisverndarsvæði
- Þjóðminjaverndarsvæði
- Varnarmannvirki
- Náttúruverndarsvæði - svæði á náttúruminjaskrá

- C-svæði: Staðaráhætta vegna ofanflóða meiri en 3 af 10.000 á ári.
- B-svæði: Staðaráhætta vegna ofanflóða á bilinu 1-3 af 10.000 á ári.
- A-svæði: Staðaráhætta vegna ofanflóða á bilinu 0,3-1 af 10.000 á ári.
- Stofnbrautir
- Tengibrautir
- Safnbrautir
- Húsagötur - sýndar til skýringar
- Jarðgöng
- Undirgöng fyrir gangandi vegfarendur
- Flugbrautir
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Fjarskipti í jörð
- Fráveita í jörð
- Hitaveita í jörð
- Rafveita í jörð
- Vatnsveita í jörð
- Sendar
- Mörk þéttbýlis

**SAMÞYKKTIR**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann _______ 2021.

Afgreiðsla skipulagsins var auglýst þann __________

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun þann __________

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300
www.ask.is

Gunnar Örn Sigurðsson

ASK ARKITEKTAR
kt: 130666-3379
gunnar@ask..is

VERKEFNI
ÍSAFJÖRÐUR
AÐALSKIPULAG

TEGUND TEIKNINGAR
AÐALSKIPULAG

HEITI TEIKNINGAR
BREYTING Á AÐASKIPULAGI

| | |
| --- | --- |
| MKV. Í A3 | 1:500 |
| HANNAÐ | GÖS |
| TEIKNAÐ | GÖS |
| YFIRF. | |
| DAGS. | 11.03.2021 |
| VERK NR. | 1947 |
| NÚMER TEIKNINGAR | 08-01 |
| ÚTGÁFA | |